


Fundargerð 28. fundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 11. september 2008 kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson
Árni Sigfússon
Reynir Ólafsson
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar var borin upp og samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Fjárhagsáætlun
Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 var kynnt. Stjórn mun fjalla nánar um áætlunina á næsta fundi.
3. Vinna við klasagreiningu
Vinna við klasagreiningu var kynnt. Stjórn var sammála um að þátttaka lykilaðila á svæðinu og þá sérstaklega sveitarfélaga væri mikilvæg. Málið verður rætt aftur á næsta fundi.
4. Heilbrigðisuppbygging
Stjórn samþykkir að gera úttekt á því hvar tækifæri liggja til heilbrigðisuppbyggingar á starfssvæði félagsins.
5. Markaðsmál
Stjórn BK samþykkir að hefja vinnu við nýtt markaðsátak samhliða grunn stefnumótun um uppbyggingu svæðisins og skipulagningu þess. Markmiðið er að kynna svæðið með tilliti til þess árangurs sem náðst hefur auk þess að laða að nýja aðila til uppbyggingar á svæðinu.
6. Framkvöðlasetur 752
Kynntar voru tillögur að frekari uppbyggingu tæknigarða og framkvöðlaseturs á svæðinu í byggingu 752. Tillagan var samþykkt og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.
7. Útboð á hreinsun jarðvegmengunar
Kynntar voru lykilsendur vegna útboðs á hreinsun jarðvegmengunar. Stjórn samþykkti að fara í útboð á 1. áfanga hreinsunar og fól framkvæmdastjóra heimild til framkvæmdar þess.
8. Önnur mál
 - a. Girðing við Reykjanesbraut
Rætt var um í tengslum við útboð á niðurrifi að halda girðingu meðfram Reykjanesbraut.



- b. Umboð stjórnar til framkvæmdastjóra
Samþykkt var að gera breytingar á umboði stjórnar til framkvæmdastjóra til að skerpa á heimildum.
- c. Erindi frá Base ehf
Tekið var fyrir erindi frá Base ehf. um hliðrun á greiðslum samkvæmt kaupsamningi. Stjórn samþykkti beiðnina.
- d. Tillögur að svæðamörkum flugvallarsvæðis
Farið var yfir tillögur og óskir ÞK um hvar svæðamörk flugvallarsvæðis liggi í tengslum við hlutverks hvers aðila, þ.e. sveitarfélaga, þróunarfélags og flugvallarfélags. Tillögurnar eru mótaðar m.a. í samráði við fjármálaráðuneyti og fleiri aðila.
- e. Uppbygging kvikmyndavers
Farið var yfir tillögur að leiðum í samstarfi við AFS vegna uppbyggingu kvikmyndavers á svæðinu. Framkvæmdastjóra falið að kanna málið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Hálf Vigfusson.
Ólafur S. Þorsteinsson
Stjórn